

**Ed.**

## **7. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 30 2. apríl 1943, um breyting á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

- Á 1. gr. A. I. a. laga nr. 30/1943 eru gerðar þessar breytingar:
- a. Á eftir tölulið 37 komi 4 nýir töluliðir:
    1. Galtará í Kollafirði.
    2. Sveinungseyrará í Kollafirði.
    3. Múlaá í Kollafirði.
    4. Seljalandsá í Kollafirði.
  - b. Á eftir tölulið 42 komi 4 nýir töluliðir:
    1. Mikladalsá í Rauðasandshreppi.
    2. Þverá í Rauðasandshreppi.
    3. Litladalsá í Rauðasandshreppi.
    4. Sauðlauksdalsá í Rauðasandshreppi.
  - c. Á eftir tölulið 43 komi 4 nýir töluliðir:
    1. Hvestuvaðall í Dalahreppi.
    2. Otrardalsá í Suðurfjarðahreppi.
    3. Dufansdalsá í Suðurfjarðahreppi.
    4. Fossá í Suðurfjarðahreppi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Með væntanlegri vaxandi vegagerð í Barðastrandarsýslu og vaxandi vélanotkun við landbúnaðarstörf verður óhjákvæmilegt að brúa í náinni framtíð allar þær ár, sem að ofan greinir. Eru sumar þeirra þannig, að til stórtjóns er fyrir íbúa héraðsins, að ár þessar skuli enn vera óbrúaðar. Fyrir því er frv. þetta fram borið, og er þess vænt, að það nái fram að ganga á þessu þingi.